

Leiðbeiningar vegna grunnvottorðs læknis vegna krabbameins.

Læknir sendir inn læknisvottorð, grunnvottorð, þegar sjúklingur greinist með krabbamein og þarf að hefja meðferð. Grunnvottorðið gildir eitt og sér sem umsókn um lyfjaskírteini og læknisvottorð fyrir ferðakostnað. Grunnvottorðið gildir einnig sem læknisvottorð fyrir endurhæfingarlífeyri, örorkulífeyri, næringarstyrk, hjálpertæki og heimahjúkrun, en einstaklingurinn sjálfur eða heilbrigðisstarfsfólk skal að auki senda inn umsókn fyrir þessa tilteknu liði.

Um einkennalaus einstaklinga (m.t.t. krabbameins) sem eru í eftirliti eftir krabbameinsmeðferð en teljast læknaðir, gilda sömu reglur og fyrir aðra í samfélaginu.

Útskýringar við útfyllingu grunnvottorðs vegna krabbameins:

Sjúkdómsgreining: Það nægir yfirleitt að skrifa eitt ICD-10 númer, aðalsjúkdómsgreining sem tengist þeim bóttum sem sótt er um.

Flokkun m.v. heilsufar og sjúkrasögu: Skilgreindir eru tveir flokkar.

Flokkur I - fyrir einstaklinga í krabbameinsmeðferð eða í líknandi meðferð. Skrá skal gildistíma grunnvottorðsins sem skal vera í samræmi við áætlaða meðferðarlengd. Einstaklingar fá sent lyfjaskírteini þar sem ákveðin lyf/lyfjaflokkar eru greidd að fullu af SÍ, sbr. lyfjalista.

Flokkur II - fyrir einstaklinga í reglulegu eftirliti, í langtímameðferð (t.d. hormónameðferð v/brjóstakrabbameins) eða einstaklingar með sérstök vandamál rakin til krabbameins/krabbameinsmeðferðar (t.d. vantar líkamshluta, bjúgur á handlegg, þreyta og/eða verkir). Gildistími grunnvottorðs er ótakmarkaður eða þangað til nýtt vottorð berst.

Lyf sem sótt er um lyfjaskírteini fyrir, önnur en tilgreind eru í lyfjalista: Ef einstaklingur þarf að nota önnur lyf en tilgreind eru í lyfjalistanum en sem tengjast krabbameininu, þarf læknir að sækja sérstaklega um það og rökstyðja notkunina í reit 15.

Hægt er að sækja um lyfjaskírteini fyrir einstaklinga í flokk II, sömu reglur gilda fyrir þá og aðra í samfélaginu. Telja skal upp þau lyf sem viðkomandi notar og verða þau niðurgreidd skv. almennum reglum.

Grunnvottorð gildir fyrir eftirfarandi:

Lyfjaskírteini - fyrir einstaklinga í flokk I eru ákveðin lyf/lyfjaflokkar skv. lyfjalista að fullu greidd af SÍ, fyrir flokk II þarf að tilgreina þau lyf sem sótt er um aukna greiðsluþátttöku í og rökstutt í reit 15 og verða þau niðurgreidd skv. almennum reglum.

Endurhæfingarlífeyrir - sjúklingur sendir umsókn við fyrsta mat, gildistími allt að 18 mánuðir.

Örorkulífeyrir - varanleg eða tímabundin örorka, sjúklingur sendir umsókn og svarar spurningalista vegna færniskerðingar (við fyrsta mat). Gildistími metinn hverju sinni.

Næringarstyrkur - næringarfræðingur sendir umsókn. Gildistími 1-5 ár.

Hjálpertæki - hjúkrunarfræðingur, iðjuþjálfari eða sjúkraþjálfari sækir um hjálpertæki eftir atvikum. Sjúklingur getur sjálfur sótt um áframhaldandi styrk vegna hárkollu og gervibrjósts. Krafist er nýs læknisvottorðs með umsókn ef ekki er samræmi milli þeirra hjálpertækja sem um er sótt og þeirra læknisfræðilegu upplýsinga sem áður hafa borist til SÍ. Gildistími hjálpertækjaskírteinis vegna einnota vara 1, 5 eða 10 ár.

Heimahjúkrun - hjúkrunarfræðingur sækir um heimahjúkrun og færir rök fyrir þörf.

Heimasjúkraþjálfun - sjúkraþjálfari eða læknir sækir um heimasjúkraþjálfun og færir rök fyrir þörf.

Ferðakostnaður: Grunnvottorðið gildir eitt og sér til ákvörðunar á ferðakostnaði. Til að vottorð gildi sem umsókn þarf þó að merkja við það sérstaklega í reit 14. Skrá skal hvenær sjúkdómur er greindur og um hverskonar ferðakostnað er að ræða og rökstutt í reit 15.

Almenn heilsufarssaga/sjúkrasaga, meðferðaráætlun, meðferðarlengd: Skrá skal í stuttu máli sjúkrasögu og sjúkdómslýsingu sem tengist umsóttum bótum, meðferðaráætlun, hvaða meðferð (skurðaðagerð, geisla- eða lyfjameðferð) hefur átt sér stað, er fyrirhuguð eða er í gangi og áætluð meðferðarlengd. Þegar sótt er um lyf í reit 12 skal rökstyðja notkunina. Þegar sótt er um ferðakostnað með fylgdarmanni eða með leigubifreið í ferð skemmri en 20 km skal rökstuðningur fylgja, auk þess þarf að upplýsa um meðferðarstað og meðferðaraðila, svo og hvaðan og hvert ferðast er. Þegar um íSílekaðar stuttar ferðir er að ræða þarf að rökstyðja hvers vegna viðkomandi er ekki fær um að nota almennings farartæki. Sjúklingur þarf síðan að framvísa staðfestingu á komu til læknis í sínu umboði fyrir þeim ferðum sem óskast greiddar.